

14. *Fulltrúa í stjórnir fyrirtækja sem hreppurinn er eignaraðili að.* Fjöldi aðalmanna og varamanna fer eftir lögum og samþykktum þeirra fyrirtækja sem um ræðir hverju sinni.

57. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu á þeim gjöldum sem ekki hafa verið öðrum falin með lögum eða samningum og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveita Akureyrar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveita Akureyrar takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatn kr. 113,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitþörf húsins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð. Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:

a. fyrir mæla 15 mm.....	kr.	705,00
b. fyrir mæla 20 mm.....	kr.	1.716,00
c. fyrir mæla 25 mm.....	kr.	3.433,00
d. fyrir mæla 32 mm.....	kr.	6.866,00
e. fyrir mæla 40 mm.....	kr.	13.731,00
f. fyrir mæla 50 mm og stærri.....	kr.	27.462,00

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofni samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en sem svarar til heimæðargjalds af 400 m³ íbúðarhúsi (þetta gildir t.d. um hús með bráðabirgðaleyfi, hesthús og önnur „smáhýsi“). Ekki skal reikna heimæðargjald af húsum er liggja utan svæða þar sem gert er ráð fyrir tengingu við hitaveitu. Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана hús.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

Tengigrind kr. 21.191,00

5. gr.

Önnur gjöld:

D. 1. Lokunargjald.....	kr.	1.339,00
D. 2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr.	780,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orku-lögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi við birtingu, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 176, 26. apríl 1993 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 15. febrúar 1995.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.